# Lærum af fortíð og framtíð

Einstaklings
Kjarni 2A

- **Taktu viðtal við manneskju sem er fædd á fyrri hluta síðustu aldar (a.m.k. fyrir árið 1960 - því fyrr á öldinni því betra).**
- **Þetta getur verið amma, afi, frændi, frænka eða einhver í kringum þig sem fæðst hefur fyrir árið 1960.**
- **Viðkomandi á að svara spurningunum miðað við lífið þegar viðkomandi  var að alast upp.**

Ath!
Ekki í boði að taka viðtal við starfsfólk skólans

## VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

[ ] Ég get undirbúið og tekið viðtal við manneskju um lífið fyrr á tímum
[ ] Ég get skrifað og sett upp texta á skýran hátt um viðfangsefnið.
[ ] Ég get skilað viðtalinu á frumlegan og skipulegan hátt

## HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:
[ ]  Geti unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
[ ]  Geti valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um  orðmyndun og einingar orða við ritun.
[ ] Geti metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.

## Afurð:

**Google sites heimasíða (með myndum) - Myndband eða hlaðvarp**

# Lærum af fortíð og framtíð - Spurningar

Einstaklings
Kjarni 2A

- Hvaða ár fæddist þú?
- Hvar bjóstu (í borg/þorpi/sveitabæ)?
- Hvernig var húsnæðið sem þú ólst upp í?
- Hvaðan kom hiti í húsið? En rafmagnið? Hvernig var það framleitt og hvaðan kom það?
- Hvernig var maturinn sem þú borðaðir? Hvar og hvernig nálgaðistu matinn sem þú borðaðir? Hvernig voru umbúðirnar utan um matinn?
- Hvernig voru fötin sem þú varst í? Hvaðan komu þau? Hversu oft fékkstu ný föt? Hvað entust þau lengi?
- Hvernig fórstu leiðar þinnar, t.d. í skóla eða annað? Fórstu í frí eitthvert? Ef já, með hvaða hætti fórstu þangað?
- Gekkstu í skóla? Hvaða möguleika áttirðu til menntunar?
- Hafðirðu möguleika á að stunda áhugamál? Ef já, hvaða áhugamál?
- Hversu mikill jöfnuður var í samfélaginu? Var auðvelt fyrir þig að hafa áhrif, t.d. innan heimilis, skóla eða samfélagsins sem þú bjóst í?
- Hver var staðan á jörðinni almennt? Hversu mikil mengun var? Hvaða umhverfismál var talað um?
- Spurning að eigin vali, hvað fleira viltu vita?